

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 105/2005**

**frá 8. júlí 2005**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5k. **32003 L 0098:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/98/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 36 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nikulás prins af Liechtenstein*

formaður.